



BSc í viðskiptafræði

Gæði upplýsinga í ársreikningum
Íslenskra fyrirtækja

Maí, 2019

Nafn nemanda: Rakel Ingvarsdóttir

Kennitala: 080894-3099

Leiðbeinandi: Árni Claessen

Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki héraðs né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðra, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift okkar staðfestum við og samþykkjum að við höfum lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skiljum þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

Dagsetning

Kennitala

Undirskrift

Ágrip

Í þessari ritgerð verður stiklað á stóru um yfirgripsmiklar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, þar sem lögð var niður heimild fyrirtækja til að skila inn samandregnum ársreikningum. Í rannsókn þessari mun fara fram greining á þeim áhrifum sem ofangreindar breytingar geta haft á fylgni¹ fyrirtækja við lög um ársreikninga sem og áhrifum annarra tengdra þátta. Fyrirtækin sem tekin voru fyrir í rannsókninni áttu það öll sameiginlegt að hafa skilað inn samandregnum ársreikningum áður en lagabreytingar tóku gildi í upphafi árs 2016 en virtust þó hafa átt fátt annað sameiginlegt. Mikill stærðarmunur var á fyrirtækjunum sem og aldursmunur.

Höfundur veit ekki til þess að viðfangsefni þessarar rannsóknar hafi verið kannað áður, en Árni Claessen (2018) kannaði samræmi í ársreikningum íslenskra óskráðra fyrirtækja² við lög um ársreikninga áður en ofangreindar lagabreytingin átti sér stað. Í þessari rannsókn verða niðurstöður úr rannsókn Árna Claessen nýttar til samanburðar við niðurstöður þessarar rannsóknar til þess að hægt sé að sjá áhrif lagabreytinganna. Notast verður við tölfræðilegar prófanir við mælingar á fylgni og við greiningu á áhrifum annarra tengdra þátta á gæði upplýsinga í ársreikningum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að meðalfylgni í ársreikningum íslenskra fyrirtækja við lög um ársreikninga hefur aukist um að meðaltali 14% síðan ársreikningar þessara fyrirtækja voru skoðaðir í rannsókn Árna Claessen. Eins gáfu niðurstöður til kynna að meðalfylgni þeirra fyrirtækja sem skiluðu inn endurskoðuðum ársreikningum til ársreikningarskráar var almennt hærri en hjá þeim sem skiluðu inn óendurskoðuðum ársreikningum. Að auki kom í ljós að þau fyrirtæki sem kusu að láta stærri endurskoðunarfyrirtæki sjá um endurskoðun sína eða fengu aðstoð frá stærri endurskoðunarfyrirtækjum við gerð ársreikninga sinna sýndu hærri meðalfylgni heldur en þau sem létu minni endurskoðunarfyrirtæki eða einstaklinga um endurskoðun sína.

Lykilord: Samandregnir ársreikningar, Innlendar reikningsskila staðlar, Endurskoðun, Fylgni

¹ Fylgni er tengin eða samband á milli tveggja eða fleiri fyrirbæra, talna o.s.frv. (Cambridge Business English Dictionary, 2019).

² Óskráð fyrirtæki eru fyrirtæki sem ekki eiga viðskipti með hlutabréf í kauphöll (Cambridge Business English Dictionary, 2019).

Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til B.Sc. í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík sem unnin var á vorönn 2019. Í henni eru könnuð hver áhrif breytinga í upphafi árs 2016 á lögum um ársreikninga hafi á gæði upplýsinga í ársreikningum íslenskra fyrirtækja. Höfundur er Rakel Ingvarsdóttir.

Höfundur vill þakka Árna V. Claessen, leiðbeinanda sínum kærlega fyrir góða leiðsögn sem og stuðning. Einnig vill ég þakka allri fjölskyldu minni, þá sérstaklega foreldrum mínum þeim Elísabetu V. Magnúsdóttur og Ingvari Guðfinnssyni fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu á meðan á skrifum stóð.

Reykjavík, maí 2019

Rakel Ingvarsdóttir

Efnisyfirlit

Töfluyfirlit.....	iii
1. Inngangur	1
2. Umfjöllun um lög um ársreikninga.....	2
3. Umfjöllun um þætti sem áhrif hafa á gæði ársreikninga.....	4
3.1 Fylgni	4
3.3 Big-4 eða non-Big-4	5
3.4 Áritunardagsetning.....	6
4. Aðferðafræði	6
4.1 Úrtak	6
4.2 Framkvæmd rannsóknar.....	8
5. Niðurstöður	10
5.1 Heildarniðurstöður rannsóknar í samanburði við fyrri rannsókn.....	10
5.2 Endurskoðaðir eða óendurskoðaðir ársreikningar	11
5.3 Big-4 eða non-Big-4	11
5.4 Áritunardagsetning.....	11
5.5 Greining á einstökum köflum gátlista.....	12
6. Umræða.....	14
6.1 Takmarkanir rannsóknar	15
6.2 Frekari rannsóknir	15
7. Heimildir	16
Viðauki.....	20

Töfluyfirlit

Tafla 1. Mælieiningar fyrir stakar breytur.....	7
Tafla 2. Tölfræði fyrir stakar breytur.....	7
Tafla 3. Fylgni milli ára.....	11
Tafla 4. Fylgni einstakra þátta.....	12
Tafla 5. Fylgni í einstökum liðum.....	13

1. Inngangur

Þann 1. janúar 2016 tóku í gildi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Breytingar þessar voru talsverðar en þá var meðal annars afnumin sú heimild fyrirtækja að skila inn samandregnum ársreikningum. Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að kanna áhrif þessara tilteknu breytinga laganna um ársreikninga og hvernig þær hafa haft áhrif á gæði ársreikninga³. Að auki munu aðrir þættir sem kunna að hafa áhrif á fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga vera teknir til skoðunar. Mikilvægt er að geta borið kennsl á þau áhrif sem lagabreytingar hafa til þess að hægt sé að átta sig á því hvort þær þjóni sínum rétta tilgangi. Gert er ráð fyrir að með afnámi heimildar fyrirtækja til að skila inn samandregnum ársreikningum muni fylgni við lög um ársreikninga aukast. Að auki er upplýsingagjöf í ársreikningum afar mikilvæg þar sem hún hefur áhrif á hegðun og traust fjárfesta og styður einnig við efnahagslegar ákvarðanir þeirra (Devalle og Rizzato, 2013). Verkefni þetta felur í sér samanburð á ársreikningum fyrirtækja fyrir- og eftir ofangreindar lagabreytingar. Markmiðið er að kanna hvaða áhrif breytingarnar höfðu á gæði ársreikninga og kanna það hvort fyrirtæki hafi nú bætt upplýsingagjöf sína í ársreikningum. Stuttlega verður fjallað um lög um ársreikninga og helstu hlutverk ársreikningaskrár. Þá mun fara fram umfjöllun um einstaka þætti sem kunna eining að spila inn í þegar kemur að aukinni fylgni við lög um ársreikninga. Fjallað verður um fjóra þætti. Í fyrsta lagi verður fylgni fyrirtækja við setta reikningsskilastaðla. Í öðru lagi verður fjallað um það hvernig endurskoðun ársreikninga kann að hafa áhrif á gæði þeirra. Í þriðja lagi verður fjallað um hvort val fyrirtækja á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum kunni einnig að skipta máli þegar kemur að gæðum ársreikninga og í fjórða lagi mun vera fjallað um áritunardagsetningu ársreikninga og hvort áritunardagsetning kunni að hafa áhrif á gæði ársreikninga. Að auki verður framkvæmd greining á einstökum köflum ársreikningalaga þar sem kannað verður í hvaða einstökum köflum laganna fyrirtæki virðast láta í ljós sem lægsta og sem hæsta fylgni.

Í niðurstöðum þeirra rannsókna þar sem leitast er við að kanna gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja kemur í ljós að í heildina litið séu veruleg frávík til staðar hvað varðar heildarfylgni fyrirtækja milli landa og að þar séu ýmsir þættir í fari fyrirtækja sem geta haft bæði jákvæð- og neikvæð áhrif á samræmi. (Devalle og Rizzato, 2013; Glaum, Schmidt, Street og Vogel, 2014; Sellami og Tahari, 2017). Höfundur veit ekki til þess að viðfangsefni þessarar könnunar hafi verið kannað áður, þó svo að margar sambærilegar rannsóknir hafi verið framkvæmdar. Bæði hafa verið gerðar rannsóknir á samræmi í ársreikningum fyrirtækja við

³ Gæði upplýsinga í ársreikningum eru metin út frá því hversu vel fyrirtæki fylgja ársreikngalögum.

alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem og við innlenda reikningsskilastaðla. Árni Claessen (2018) kannaði samræmi í ársreikningum íslenskra óskráðra fyrirtækja við innlenda reikningsskila staðla áður en lagabreytingar áttu sér stað. Niðurstöður Árna Claessen gáfu til kynna að meðalfylgni óskráðra íslenskra fyrirtækja við lög um ársreikninga var 75% og aðeins 66% hjá þeim fyrirtækjum sem skiluðu inn samandregnum ársreikningum. Hér í þessari rannsókn verður þráðurinn tekinn upp og þeim fyrirtækjum sem skiluðu inn samandregnum ársreikningum í rannsókn Árna Claessen fylgt eftir.

Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

Hefur afnám heimildar fyrirtækja til að skila inn samandregnum ársreikningum haft áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum?

Hefur endurskoðun ársreikninga áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja?

Hefur stærð endurskoðunarfyrirtækja áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja?

Hefur dagsetning áritunar ársreikninga áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja?

2. Umfjöllun um lög um ársreikninga.

Í lögum um ársreikninga er greint frá því hvaða fyrirtæki skulu semja og skila inn ársreikningum sem og hvaða upplýsingar ársreikningar skulu innihalda. Í lögum þessum er einkum greint frá því hvað skal koma fram í hverjum lið ársreiknings sem og hvenær og hverju fyrirtækjum beri að greina frá í skýringum sínum. Tekið er fram að fyrirtæki skulu semja ársreikninga sína í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur (*Lög um ársreikninga* nr. 3/2006). Mikilvægt er að fyrirtæki fylgi lögum um ársreikninga til hins ýtrasta þar sem það kann að auka áreiðanleika og gæði ársreikninga þeirra. Fyrir alla þá sem lesa ársreikninga⁴ eru nákvæm og áreiðanleg reikningsskil afar nauðsynleg, en þær upplýsingar sem koma þar fram kunna að gegna stóru hlutverki við ákvarðanatöku fjárfesta og í því hvernig almenningur o.fl. sjá fyrirtækið.

Breytingar á lögum um ársreikninga tóku gildi í upphafi árs 2016 og gilda fyrir fjárhagsár sem hófust 1. janúar árið 2016 eða síðar. Breytingar þessar voru talsverðar en þá var meðal annars afnumin sú heimild fyrirtækja til að skila inn samandregnum ársreikningum. Íslensk fyrirtæki sem féllu undir tiltekna stærðargráðu voru þá undanskilin lögboðinni endurskoðun. Til frekari útskýringar þá skiluðu þessi félög samanteknum ársreikningum sem

⁴ Hverjir lesa ársreikninga? eigendur og fjárfestar, stjórnendur, birgja, lándrottinnar, starfsmenn, viðskiptavinir, ríkisstjórnin og almenningur(Accountingverse.com, 2018)

endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki gáfu einungis áritun sína til staðfestingar um að félag hafi fengið faglega aðstoð við gerð reikningsskilanna en engin raunveruleg endurskoðunarvinna átti sér þar stað. Niðurstöður úr rannsókn Árna Claessen (2018) þar sem að hann kannaði ársreikninga íslenskra óskráðra fyrirtækja og samræmi þeirra við lög um ársreikninga gáfu til kynna að þau fyrirtæki sem skiluðu samanteknum ársreikningum komu verst út hvað varðar fylgni við lög um ársreikninga í ársreikningum sínum.

Meðalfylgni við lög um ársreikninga þeirra fyrirtækja sem skiluðu samanteknum ársreikningum fyrir reikningsárið 2015 var aðeins 66% en það verður að teljast ákaflega lágt þar sem rannsóknin byggir á samræmi við lögbundna upplýsingaskildu þar sem farið er fram á fullt samræmi samkvæmt lögum. Hægt er að draga þá ályktun að samanteknir ársreikningar hafi haft neikvæð áhrif á gæði þeirra og samræmi við upplýsingaskildu laga um ársreikning. Niðurstöður úr þessari rannsókn styðja þá ályktun. Meðalfylgni jókst um 14% frá því að breytingar þessar tóku gildi og er meðalfylgni nú 80% meðal þeirra fyrirtækja sem áður skiluðu inn samandregnum ársreikningum. Þrátt fyrir þetta er ekki raunhæft að fullyrða að þessar breytingar á lögum um ársreikning sé eini áhrifavaldur þess að fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga hafi aukist. Hægt er að gera sér í hugarlund að hlutverk ársreikningaskrár gæti spilað þar inn í. Hlutverk ársreikningaskrár er að taka við, varðveita og veita aðgang að ársreikningum allra þeirra fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni og eru með takmarkaðri ábyrgð félagaðildar (*lög um ársreikninga*). Skilaskylda ársreikninga til ársreikningarskráar er bundin í lög og refsiramma fyrir að standa ekki skil á ársreikningi er tilgreindur í lögum um ársreikninga. Ársreikningaskrá hefur vald til að leggja svo kallaðar stjórnvaldssektir á fyrirtæki vegna vanskila eða ófullnægjandi skila á ársreikningum. Sektor þessar kunna að vera háar en þær voru m.a. hækkaðar þegar breytingar á lögum um ársreikninga tóku gildi. Sektor ársreikningaskrár geta nú numið allt að 600.000 kr. ef fyrirtæki greinir ekki frá ástæðum þess að ársreikningi sé ekki skilað innan tilskilins tíma. Ber fyrirtæki að greina frá ástæðum eða gera úrbætur á ársreikningum innan 30 daga (*Lög um ársreikninga* 1.mgr. 120.gr). Enn fremur hefur ársreikningaskrá heimild til þess að krefjast skipta á búi þess félags sem ekki hefur skilað inn ársreikningi eða samstæðureikningi innan tilskilins skilafrests (*Lög um ársreikninga*. 121.gr). Rétt er að taka fram að ársreikningaskrá er nú farin að taka harðar á þessum brotum en áður og beita fyrirtæki sektum. Reikna má með því að sektor sem þessar kunni að hafa jákvæð áhrif á fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga í ársreikningum sínum. Í næsta kafla fer fram umræða um fjóra þætti sem kunna að spila inn í þegar kemur að aukinni fylgni við lög um ársreikninga.

3. Umfjöllun um þætti sem áhrif hafa á gæði ársreikninga

Þessi hluti ritgerðarinnar inniheldur fræðilega umfjöllun um einstaka þætti sem kunna að hafa áhrif á aukið samræmi fyrirtækja við lög um ársreikninga. Fjallað verður um fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga, hvernig endurskoðaðir ársreikningar kunna að vera líklegri til að sýna hærri fylgni heldur en þeir óendurskoðuðu, hvernig val fyrirtækja á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum getur haft áhrif á gæði ársreikninga og að lokum verður fjallað um hvort að áritunardagsetning ársreikninga kunni einnig að hafa áhrif á gæði ársreikninga.

3.1 Fylgni

Í rannsókn Glaum og Street (2003) var kannað að hve miklu leyti þýsk fyrirtæki uppfylltu kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þeir þróðu alhliða gátlista þar sem krafist var ákveðinna upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja. Notast var við kóða til mælinga. Atriði sem greint var frá (1), ekki greint frá (0) eða á ekki við (N/A). Heildar fylgni var síðan reiknuð fyrir hvert fyrirtæki. Samkvæmt rannsókn þeirra nam meðalfylgni 84%. Lægsta gildi var 42% og það hæsta 100%. Street og Gray (2001), Taplian, Tower og Hancock (2002) og Devalle og Rizzato (2013) notuðust við svipaðar rannsóknaraðferðir í rannsóknnum sínum en þær byggja allar á gátlistaaðferðinni. Niðurstöður leiddu í ljós að meðalfylgni var á bilinu 67% og 78%. Busso (2014) og Glaum o.fl. (2014) könnuðu fylgni skráðra fyrirtækja í Evrópu við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Niðurstöður Popova o.fl. (2013) sýndu 94% meðalfylgni meðal skráðra fyrirtækja í Bretlandi við lögboðnar kröfur.

Þó svo að ofangreindar rannsóknir leggi aðaláherslu á samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þá eru aðrar rannsóknir sem kanna samræmi við innlenda reikningsskilastaðla. Ali, Ahmed og Henry (2004) rannsökuðu samræmi við innlenda reikningsskilastaðla í Suður-Asíu og fundu þeir veruleg frávik á birtingarstigi. Á heildina litið benda heimildir til þess að veruleg frávik séu til staðar hvað varðar heildarfylgni milli landa. Flestar rannsóknir á samræmi við reikningsskilastaðla byggja á tölfræðilegum greiningum og gátlistaaðferðinni. Cairns (2002) gagnrýnir þó gátlistaaðferðina. Hann telur að gátlistaaðferðin sé hvorki nægilega ítarleg né tæmandi og að hún geti ekki alltaf útskýrt fylgni fyrirtækja við reikningsskilastaðla. Hins vegar eru margir þættir sem má útskýra með gátlistaaðferðinni og þá sérstaklega hvort farið sé eftir þeim kröfum sem ekki er hægt að greina eða útskýra nægilega vel með tölfræðilegri greiningu. Að auki má reikna með því að í sumum tilvikum séu gildar ástæður fyrir því að fyrirtæki greini ekki frá ákveðnum upplýsingum í ársreikningum sínum eða fylgi ekki reikningsskilastöðlum til hins ýtrasta. Gildar ástæður gætu til að mynda verið byggðar á þeim forsendum að ekki sé um verulegar fjárhæðir að ræða o.fl.

Í þessari rannsókn verður notuð aðferðafræði Glaum og Street (2003). Notast verður við gátlista og tölfræðilegar mælingar á fylgni fyrirtækja til reikningsskila. Niðurstöður verða bornar saman við niðurstöður Árna Claessen (2018) til þess að kanna hvort um sé að ræða marktækan mun á fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga eftir að þeim lögum var breytt.

3.2 Endurskoðaðir eða óendurskoðaðir ársreikningar

Í núgildandi lögum um ársreikninga kemur fram að þau fyrirtæki sem falla undir tvö af þremur eftirfarandi stærðarmörkum er ekki skylt, þó með nokkrum undantekningum, að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að endurskoða ársreikninga sína og gætu því látið faglega aðstoð endurskoðanda duga:

1. Niðurstöðutala efnahagsreiknings: 200.000.000 kr.
2. Hrein velta: 400.000.000 kr.
3. Meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 50

Ef fyrirtæki fellur undir tvennt af ofangreindum viðmiðum er því skylt að kjósa sér annaðhvort endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til þess að endurskoða ársreikning sinn (*Lög um ársreikninga*, 98.gr.) Fyrirtækjum sem ekki er skylt að kjósa sér endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmenn geta samt sem áður kosið að gera það. Hægt er að gera ráð fyrir því að endurskoðaðir ársreikningar muni almennt sýna aukna fylgni við lög um ársreikninga en endurskoðun kann að hafa áhrif á gæði og áreiðanleika upplýsingagjafar í ársreikningum. Í þessari rannsókn eru nokkur fyrirtæki sem falla ekki undir ofangreind viðmið og þurfa því ekki, samkvæmt lögum að skila inn endurskoðuðum ársreikningum. Fylgni þeirra fyrirtækja sem ekki skila inn endurskoðuðum ársreikningum mun vera borin saman við fylgni þeirra fyrirtækja sem skiluðu inn endurskoðuðum ársreikningum til þess að hægt sé að varpa ljósi á áhrif endurskoðunar.

3.3 Big-4 eða non-Big-4

Hægt er að færa rök fyrir því að stór endurskoðunarfyrirtæki búi yfir umtalsverðri reynslu og með endurskoðun sinni geti þau haft góð áhrif á gæði upplýsinganna (Wallace, Naser og Mora, 1994). Stór endurskoðunarfyrirtæki geta nýtt sér upplýsingarnar sem viðskiptavinir þeirra birta sem merki um ágæti þeirra eigin endurskoðunarvinnu (Inchausti, 1997). Enn fremur munu stærri endurskoðunarfyrirtæki vilja hlúa að orðspori sínu og þar með munu þau krefjast aukinna gæða og upplýsinga frá viðskiptavinum sínum (Alsaed, 2006). Á Íslandi starfa fjögur endurskoðunarfyrirtæki sem flokka má sem *stór* endurskoðunarfyrirtæki en það eru fyrirtækin: KPMG, Deloitte, Price Waterhouse Cooper (PWC) og Ernst & Young

(EY). Héðan í frá verður notast við kennimerkið Big-4 þegar átt er við eitt af stærstu endurskoðunarfyrirtækjum landsins og kennimerkið non-Big-4 þegar átt er við önnur endurskoðunarfélög.

Kannað verður hvort þau fyrirtæki sem endurskoðuð eru af Big-4 kunni á heildina litið að láta í ljós hærri fylgni heldur en þau sem endurskoðuð eru af non-Big-4.

3.4 Áritunardagsetning

Dagsetning áritunar er miðuð við þann dag sem endurskoðun ársreikningsins lýkur. Með því eru lesendur ársreikninga upplýstir um að endurskoðandi hafi metið áhrif mikilvægra atburða sem gætu hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag og fram að undirritun (Endurskoðandinn, 2011). Halldór Ingi Pálsson (2013) greinir frá því í fyrirlestri sínum sem fluttur var á ráðstefnu Ríkisendurskoðunar á Íslandi að óskráð íslensk fyrirtæki séu almennt mjög sein að undirrita reikningsskil sín. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hver ástæðan fyrir þessu gæti verið en tilgátur hafa þó verið settar fram. Mögulegar ástæður fyrir þessu kunna að vera af völdum samkeppni á markaðnum. Þetta getur oft átt við þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Önnur tilgáta er sú að stjórnendur vilji færast undan því að gera góða eða slæma fjárhagslega stöðu félagsins opinbera (Árni Claessen, 2018). Þetta gæti einnig tengst kenningu Firth (1979) um að minni fyrirtæki reyni að komast hjá því að birta tiltekna upplýsingar.

Í þessari rannsókn verður gerður samanburður á því hvort að fjöldi þeirra daga sem líða þar til að endurskoðun ársreiknings lýkur og fyrirtæki birta ársreikninga sína hafi fækkað eða hvort þeim hafi jafnvel fjölgað síðan í ársreikningum þeirra fyrir fjárhagsár 2015. Hægt er að álykta að breytingar laga um ársreikninga kunni að hafa neikvæð áhrif á áritunardagsetningu þessara fyrirtækja þar sem nú hafa kröfur um ársreikninga aukist.

4. Aðferðafræði

4.1 Úrtak

Í þessari rannsókn voru 33 óskráð íslensk fyrirtæki tekin til skoðunar. Þessi fyrirtæki eiga það öll sameiginlegt að hafa skilað samanteknum reikningsskilum, fyrir lagabreytingar í upphafi árs 2016. Vegna tilgreindra laga um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja eru engin slík fyrirtæki hluti af þessari rannsókn. Notast var við ársreikninga fyrirtækjanna fyrir fjárhagsár 2017 en ársreikningar voru fengnir frá ársreikningaskrá.

Fyrirtækin sem tekin voru til skoðunar voru með ýmsu móti hvað varðar stærð, aldur o.fl. Tíu af 33 fyrirtækjum í úrtaki féllu undir tvö af þremur stærðarmörkum sem greint var frá í kafla 3.2 og var þeim því skylt að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að endurskoða ársreikninga sína. 23 fyrirtæki úr úrtaki féllu ekki undir stærðarmörkin og þeim því ekki skylt að láta endurskoða ársreikninga sína. Aftur á móti kusu níu af þeim 23 fyrirtækjum

að láta endurskoða ársreikninga sína. Stærsta fyrirtækið í úrtaki var um 7000 sinnum stærra en minnsta fyrirtæki í úrtaki, ef miðað er við heildareignir. Heildareignir minnsta fyrirtækis námu 132.837 kr. en hjá stærsta fyrirtækinu námu heildareignir 942.822.955kr. Margar rannsóknir styðja það að hægt sé að finna jákvætt samband á milli stærðar fyrirtækja og gæði upplýsinga í ársreikningum (Alsaeed, 2006; Ali, Ahmed og Henry, 2004; Chander og Kumar, 2007). Elsta fyrirtækið í rannsókninni var stofnað árið 1961 eða fyrir 58 árum, en það yngsta var stofnað árið 2008, fyrir 11 árum. Sett hefur verið fram sú kenning að fyrirtæki bæti upplýsingagjöf í ársreikningum sínum með árunum (Camfferman og Cooke, 2002) Eiginfjárlutfall (e. Leverage) fyrirtækjanna, sem er eigið fé fyrirtækis sem hlutfall af heildareignum þess, var hæst 93% en lægst nam það -171%. Hátt eiginfjárlutfall er vísbending um það að fyrirtæki eigi vel fyrir skuldum sínum og hafi fjármagnað sig með hagnaði fyrri ára og/eða með hlutafé frekar en með lánum (Cambridge Business English Dictionary, 2019). Kenningar hafa verið settar fram um að fyrirtæki með lágt eiginfjárlutfall séu líklegri til að draga úr upplýsingagjöf í ársreikningum sínum (Ahmed og Courtis, 1999).

Tafla 1. Mælieiningar fyrir stakar breytur

<i>Breytur</i>	<i>Aðferð</i>
<i>Stærð</i>	Heildareignir í þúsundum
<i>Aldur</i>	Aldur fyrirtækis í árum
<i>Eiginfj.hlutfall</i>	Eigið fé sem hlutfall af heildareignum
<i>Dagar</i>	Fjöldi daga frá því að fjárhagsár hefst til áritunardagsetningu ársreiknings
<i>Fylgni</i>	Heildar upplýst atriði sem hlutfall af fjölda atriða sem eiga við

Tafla 2. Tölfræði fyrir stakar breytur

	<i>Meðaltal</i>	<i>St.dev</i>	<i>Min</i>	<i>Max</i>	<i>Median</i>
<i>Stærð</i>	148075113	178232135	132837	942822955	102070823
<i>Aldur</i>	28	11.26	11	58	28
<i>Eiginfj.hlutfall</i>	40%	47%	-170%	93%	48%
<i>Dagar</i>	162	77	25	304	151

4.2 Framkvæmd rannsóknar

Til þess að mæla fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga var notast við aðferðafræði þeirra Glaum og Street (2003) með notkun gátlista og tölfræðilegra mælinga. Gátlisti þessi byggir á lögum um ársreikninga og inniheldur öll þau atriði og skýringar sem fyrirtæki skulu greina frá í ársreikningum sínum. Áður en rannsóknarvinnan hófst var gátlistinn skoðaður í heild sinni og þau atriði sem ekki var hægt að staðfesta eða bera kennsl á, án innri upplýsinga frá fyrirtækjum, undanskilin. Notast var við kóða til mælinga. Atriði sem greint var frá í ársreikningum fyrirtækja (1), ekki greint frá (0) eða á ekki við (N / A). Heildar fylgni var síðan reiknuð fyrir hvert fyrirtæki í lok yfirferðar. Níu atriði voru undanskilin af lista í lok yfirferðar af þeirri ástæðu að þau áttu ekki við (N/A) þrjú eða fleiri fyrirtæki. Þá var heildarfylgni aðlöguð miðað við endanlegan lista. Til nánari útskýringar eru þau atriði sem ekki áttu við, atriði sem komu starfsemi viðkomandi fyrirtækja ekki við. Endalegur listi innihélt 47 atriði. Allir liðir gátlistans höfðu sama vægi og sami gátlisti var notaður fyrir öll félög, bæði fyrir þau félög sem skiluðu inn samstæðuársreikningi⁵ og þau félög sem ekki eru hluti af samstæðu. Af þeim ástæðum munu fleiri atriði gátlistans eiga við hjá þeim félögum skila inn samstæðureikningi heldur en hjá þeim félögum sem ekki eru hluti af samstæðu. Í lok rannsóknar voru allir kaflar gátlistans að auki greindir og fundin meðalfylgni hvern lið.

Hér að neðan er lýst jöfnu þeirra heildar atriða sem „Eiga við“ í ársreikningum fyrirtækja:

$$\text{Heildar atriði sem eiga við} = \sum_{i=1}^n t_i$$

Í jöfnunni hér að ofan tákna $t=1$ atriði sem eiga við í ársreikningum fyrirtækja og $t=0$ atriði sem ekki eiga við, n tákna heildar fjölda atriða á gátlista sem nauðsynlegt er að komi fram í ársreikningum.

Jafnan fyrir fjölda upplýstra viðmiða í hverjum ársreikning er:

$$\text{Heildar fjöldi upplýstra atriða} = \sum_{i=1}^n d_i$$

⁵ Samstæðureikningur eru reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt (Lög um ársreikninga)

Í jöfnunni hér að ofan tákna n heildar fjölda viðmiða á gátlista sem nauðsynlegt er að komi fram í ársreikningi, $d=1$ merkir að krafa sé upplýst samkvæmt lögum um ársreikninga, $d=0$ merkir að krafa sé ekki uppfyllt né til staðar þó svo að atriði eigi við.

Hér að neðan er lýsing á jöfnu fyrir heildarfylgni. Heildar upplýst atriði sem hlutfall af fjölda atriða sem eiga við.

$$\text{Heildarfylgni} = \frac{\text{Heildar atriði upplýst}}{\text{Heildar atriði sem eiga við}} * 100$$

Þegar áhrifin, fyrir og eftir að heimild um samandregna ársreikninga var lögð niður, voru niðurstöður um fylgni fyrirtækja úr rannsókn Árna Claessen (2018) bornar saman við niðurstöður sem fengust úr þessari rannsókn. Við samanburð á fylgni fyrirtækja fyrir fjárhagsárið 2015 og 2017 var notast við T-próf fyrir tvö einföld meðaltöl í Excel (e. T- test for two sample means). Greiningin er gagnleg þegar um er að ræða tvær óháðar breytur og þær kannaðar til að hægt sé að draga fram tölfræðilega ályktun um samanburð á þeim („StatisticSolution“, 2019). Við greiningu var gengið út frá þeirri tilgátu að um *ekkert samband værir að ræða á milli fylgni fyrir árið 2015 og 2017*. Notast við $\text{Alfa}^6 = 0,05$. Þegar niðurstöður greiningar gáfu til kynna að P væri *stærri en Alfa* var tilgátu hafnað þ.e. að enginn munur værir á milli fylgni fyrirtækja árið 2015 og 2017.

** $P < 0,05 =$ höfnum tilgátu um að það sé enginn munur*

** $P > 0,05 =$ höfnum ekki tilgátu um að það sé enginn munur*

Við greiningu á áhrifum endurskoðunar á fylgni fyrirtækja var notast við kóða til mælinga. Endurskoðaðir ársreikningar (1) og óendurskoðaðir ársreikningar (0). Þá var meðalfylgni fundin fyrir þá ársreikninga sem voru endurskoðaðir og fyrir þá sem ekki voru endurskoðaðir. Eins var kannað hvort einhver fyrirtækjanna sem ekki féllu undir lagaleg stærðarmörk hafi samt sem áður kosið að láta endurskoða ársreikninga sína. Það var gert með því að kanna heildareignir, heildarveltu og meðalfjölda ársverka hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Þá var kannað hvort fyrirtæki félli undir tvö eða fleiri viðmið og það svo borið saman við ofangreindan kóða (1) eða (0).

⁶ Alfa gefur til kynna líkurnar á því að núlltilgátu sé hafnað þegar núlltilgátan er í raun sönn, þannig að ef öryggisbil er 95% þá myndi Alfa vera 1 - 0,95 eða 0,05 („StatTrek“, 2019)

Við greiningu á áhrifum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja á fylgni fyrirtækja var eining notast við kóða til mælinga. Ársreikningar sem endurskoðaðir voru af Big-4 (1) endurskoðaðir af non-Big-4 (0). Þá var meðalfylgni í hvorum hóp fundin. Að auki var kannað hvort einhver fyrirtækjanna hefðu kosið sér aðra endurskoðendur eða annað endurskoðunarfyrirtæki í verkið frá því að fyrri rannsókn var gerð. Þá voru þau fyrirtæki sem breytt höfðu um endurskoðendur tekin fyrir og fylgni þeirra við lögin tekin til nánari skoðunar. Kannað var hvaða endurskoðunarstofa tók við og hvort fylgni þessara fyrirtækja hafi aukist frá fyrri rannsókn.

Að lokum var framkvæmdur samanburður á því hvort að áritunardagsetning fyrirtækja hafi verið fyrir á fjárhagsári eða hvort henni hafi seinkað. Þá var kannað hvort fylgni þeirra fyrirtækja sem árita ársreikninga sína seinna væri almennt lægri en fylgni þeirra sem árita ársreikningana fyrir. Fyrirtækin voru flokkuð í þrjá flokka eftir dagafjölda, 0-100 dagar, 100-200 dagar og 200 eða fleiri dagar og meðalfylgni í hverjum flokk fundin.

Við greiningu á einstökum liðum gátlistans var öllum niðurstöðum úr yfirferð ársreikninga safnað saman í eitt skjal. Þá var fylgni fyrirtækja fyrir hvern og einn lið tekin saman og meðalfylgni fengin út.

5. Niðurstöður

5.1 Heildarniðurstöður rannsókna í samanburði við fyrri rannsókn.

Niðurstöður úr greiningum á fylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga leiða í ljós 80% meðalfylgni. Lægsta gildi var 50% og það hæsta 100%. Niðurstöður Árna Claessen (2018) leiddu í ljós 66% meðalfylgni í ársreikningum þessara sömu fyrirtækja fyrir árið 2015. Lægsta gildið nam ekki nema 21% og hæsta gildi 93% en þessi fyrirtæki skiluðu þá öll inn samandregnum ársreikningum. Meðalfylgni hefur því aukist um 14% hjá þessum fyrirtækjum frá því að lög um ársreikninga tóku breytingum og heimildin um samandregna ársreikninga var lögð niður. Út frá neðan greindri töflu má lesa að um tölfræðilegan marktækan mun er að ræða á milli fylgni fyrirtækja árið 2015 og 2017. Töluverð aukning hefur verið á meðalfylgni milli ára, lægsta gildi er 28% hærra miðað við fyrri rannsókn og hæsta gildi 7% hærra.

Afnám heimildar fyrirtækja til að skila inn samandregnum ársreikningum hefur haft marktæk áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum.

Tafla 3. Fylgni milli ára

	<i>N</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>St.Dev</i>	<i>Min</i>	<i>Max</i>	<i>Median</i>
<i>Fylgni '15</i>	33	66%	18%	21%	93%	71%
<i>Fylgni '17</i>	33	80%	12%	50%	100%	81%
<i>Munur milli ára</i>	-	14%*	6%	28%	7%	10%

Tafla 3. Sýnir niðurstöður fyrir heildarfylgni og heildarmun á fylgni milli ára. Notast var við T-próf til að mæla hvort um tölfræðilega marktækan mun væri að ræða.

*Marktækur munur þegar Alfa er 0,05

5.2 Endurskoðaðir eða óendurskoðaðir ársreikningar

Niðurstöður úr greiningu á fylgni þeirra fyrirtækja sem skiluðu inn endurskoðuðum ársreikningum leiddu í ljós að meðalfylgni þeirra var í heildina litið 9% hærrí en hjá þeim fyrirtækjum sem ekki skila inn endurskoðuðum ársreikningum. Meðalfylgni mældist 84%. Lægst mældist fylgni hjá þeim fyrirtækjum sem skiluðu endurskoðuðum ársreikningum 65% og hæst nam hún 100%. 19 af 33 fyrirtækjum skiluðu inn endurskoðuðum ársreikningum en þar af voru níu fyrirtæki sem ekki báru lagalega skyldu til þess að láta endurskoða ársreikninga sína. Meðalfylgni þeirra fyrirtækja sem ekki létu endurskoða ársreikninga sína nam 75%. Lægsta gildi 50% og það hæsta 96%. Ætla má að endurskoðun hafi áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja.

5.3 Big-4 eða non-Big-4

Niðurstöður úr greiningu á fylgni fyrirtækja miðað við endurskoðendur gáfu til kynna að 11% munur var á milli þeirra sem kusu Big-4 og þeirra sem kusu sér non Big-4. Meðalfylgni hjá þeim fyrirtækjum sem voru endurskoðuð eða fengu aðstoð frá Big-4 við ársreikninga sína var 85% en 74% hjá þeim sem kusu sér non-Big 4. Áhugavert var að sjá að þau fyrirtæki sem höfðu nú kosið sér eitt af Big-4 til að endurskoða ársreikninga sína, en höfðu áður kosið sé non Big-4 í verkið, höfðu bætt fylgni sína um að meðaltali 39% milli ára en aðeins var um 4 % aukningu að ræða hjá þeim fyrirtækjum sem kusu nú aðra í verkið. Ætla má að stærð endurskoðunarfyrirtækja hafi í raun áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja.

5.4 Áritunardagsetning

Við greiningu áritunardagsetningar kom í ljós að meðalfjöldi daga hafi aukist um 22 daga síðan árið 2015 og voru orðnir að meðaltali 166 úr því að hafa verið 144 í fyrri rannsókn. Ekki var að sjá að áritunardagsetning hefði áhrif á gæði upplýsinga í ársreikningum fyrirtækja. Meðalfylgni þeirra fyrirtækja sem árituðu ársreikninga sína á innan við 100 dögum var 77%,

85% hjá þeim sem árituðu eftir 100-200 daga og 75% hjá þeim sem árituðu ársreikninga sína eftir 200 eða fleiri daga. Ljóst er að þau fyrirtæki sem árituðu ársreikninga sína fyrr eða innan 100 daga sýndu ekki hærri meðalfylgni en þau fyrirtæki sem árituðu ársreikninga sína seinna á árinu.

Tafla 4. Fylgni einstakra þátta

	<i>N</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>St.Dev</i>	<i>Min</i>	<i>Max</i>	<i>Median</i>
<i>Endurskoðuð</i>	19	84.0%	10%	65%	100%	88%
<i>Ekki Endurskoðuð</i>	14	75%	12%	50%	96%	78%
<i>Munur</i>	-	9%	-2%	15%	4%	10%
<i>Endurskoðuð af Big-4</i>	20	85%	9%	65%	100%	88%
<i>Endurskoðuð af Non-Big-4</i>	13	74%	12%	50%	96%	74%
<i>Munur</i>	-	11%	-3%	15%	4%	14%
<i>Dagar '15</i>	-	144	71	21	284	141
<i>Dagar '17</i>	-	166	77	25	304	151
<i>Munur milli ára</i>	-	-22	-6	4	-20	-10
<i>0-100 dagar</i>	7	77%	17%	50%	96%	77%
<i>100-200 dagar</i>	15	85%	12%	64%	100%	79%
<i>200 dagar eða fleiri</i>	11	75%	8%	63%	83%	73%

Tafla 4. Sýnir niðurstöður fyrir heildarfylgni og heildarmun á milli hvers flokks. Kennimerki Big-4 er notað fyrir þau fyrirtæki sem endurskoðuð eru af einum af fjórum stærstu endurskoðunarfyrirtækjum landsins, KPMG, Deloitte, Price Waterhouse Cooper (PWC) og Ernst & Young (EY).

5.5 Greining á einstökum köflum gátlista

Niðurstöður á einstökum liðum gátlistans þar sem meðalfylgni fyrir hvern kafla listans var fundin gáfu til kynna að lakasta fylgnin var við kaflann *Tengdir aðilar* en þar var meðalfylgnin aðeins 33%. Í liðnum er óskað eftir að fyrirtæki greini frá fjárhæðum lána, svo og veðsetningum, ábyrgðum og tryggingunum sem veittar hafa verið félagsaðilum eða

stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðun ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Ákvæðið á einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir (*lög um ársreikninga*, 53.gr). Þá var fylgni við kaflann *Fasteignir, aðrir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir* einnig slök eða aðeins 37% fylgni. Í kaflanum er meðal annars óskað eftir að fyrirtæki greini frá síðasta opinbera fasteignamati og vá-tryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna (*lög um ársreikninga*, 54. gr) Hæst fylgni mældist í köflunum *Önnur atriði* og *Framsetningu ársreikninga*, eða 100% og 95% fylgni. í þeim liðum er óskað eftir samanburði fjárhæða frá fyrra reikningsári í hverjum lið í efnahags- og rekstrarreikningi (*lög um ársreikninga*, 4.mgr. 6.gr). Í liðnum um framsetningu ársreikninga er óskað eftir því að í efnahagsreikningi eða í skýringum skuli upplýsa um eftirtalin atriði vegna varanlegra rekstrarfjármuna sem og óefnislegra eigna (*lög um ársreikninga*, 7.gr. reglu gerð. Nr. 696/1996 og 8.gr. reglu gerð nr. 696/1996)

Tafla 5. Fylgni í einstökum liðum

<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Fjöldi atriða</i>	<i>Fylgi</i>
<i>1. Breytingar</i>	8	87%
<i>2. Skýrsla stjórnar</i>	10	77%
<i>3. Fasteignir, aðrir rekstrarfjármunir o.fl.</i>	3	37%
<i>4. Birgðir</i>	1	86%
<i>5. Áhættufjármunir o.fl.</i>	2	81%
<i>6. Eignarhlutir í dóttur og hlutdeildarfélögum</i>	2	81%
<i>7. Eigið fé og eigin hlutir</i>	3	82%
<i>8. Skuldabréfalán o.fl.</i>	4	67%
<i>9. Tekjuskattur</i>	3	90%
<i>10. Tengdir aðilar</i>	1	33%
<i>11. Laun</i>	1	88%
<i>12. Sjóðstreymisýfirlit</i>	4	68%
<i>13. Önnur atriði</i>	1	100%
<i>14. Samstæðureikningsskil</i>	2	60%
<i>15. Framsetning ársreiknings</i>	2	95%
<i>Samtals</i>	47	

6. Umræða

Í þessari ritgerð hefur verið stiklað á stóru um yfirgripsmiklar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, nánar tiltekið þeirri breytingu að lögð var niður sú heimild fyrirtækja að skila inn samandregnum ársreikningum. Rannsóknarspurningum sem settar voru fram í upphafi rannsóknar hefur verið svarað og greint hefur verið frá niðurstöðum rannsóknar um áhrif þessara breytinga á fylgni fyrirtækja við ofangreind lög sem og áhrifum annarra tengdra þátta á fylgni við lög um ársreikninga. Eins hefur tilgátum hvað varðar sektir ársreikningaskrár og áritunardagsetningu ársreikninga verið varpað fram. Fyrirtækin sem hér voru tekin fyrir áttu það öll sameiginlegt að hafa skilað inn samandregnum ársreikningum áður en lagabreytingar tóku gildi í upphafi árs 2016 en virtust þó hafa átt fátt annað sameiginlegt. Mikill stærðar munur var á fyrirtækjunum sem og aldursmunur. Samkvæmt Souissi og Khlif (2012) leggja stærri félög meiri áherslu á gæði upplýsinga í reikningsskilum sínum og ætla má að minni fyrirtæki komi sér hjá því að birta tilteknar upplýsingar (Firth, 1979). Áritunardagsetning fyrirtækjanna virtist í mögum tilvikum vera ansi sein en skilafrestur ársreikninga er eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt hans en þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs (*Lög um ársreikninga*). Áritunardagsetning fyrirtækja í þessari rannsókn var gjarnan viku fyrir skilafrest og í nokkrum tilfellum aðeins einum til tveim dögum fyrir skilafrest, 31. ágúst. Það virðist sem óskráð íslensk fyrirtæki séu almennt mjög sein að undirrita reikningsskil sín (Halldórs Inga Pálssonar, 2013). Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hver ástæðan fyrir þessu gæti verið en tilgátur hafa verið settar fram um að ein af mögulegum ástæðum fyrir því að stjórnendur virðast draga fæturna við að undirrita reikningsskil sín sé af völdum samkeppni á markaðnum eða að stjórnendur vilji færast undan því að gera góða- eða slæma fjárhagslega stöðu félagsins opinbera (Árni Claessen, 2018). Þetta gæti einnig tengst kenningu Firth (1979) um að minni fyrirtæki komi sér undan því að birta tilteknar upplýsingar. Tilgáta höfundar um að breytingar á lögum um ársreikninga gætu haft neikvæð áhrif á áritunardagsetningu ársreikninga getur staðist þar sem nú hefur áritunardagsetningu seinkað enn frekar. Ástæðan kann að vera að auknar kröfur um upplýsingar í ársreikningum fyrirtækja krefjist aukinnar vinnu af hendi fyrirtækis.

Niðurstöður sýna að meðalfylgni fyrirtækja við lög um ársreikninga í ársreikningum sínum er 80%, lægsta gildi var 50% og það hæsta 100%. Í flestum tilvikum hafði fylgni fyrirtækja aukist milli áranna 2015 og 2017 en þó voru nokkur fyrirtæki sem sýndu lakari fylgni nú en í ársreikningum sínum 2015. Í raun sýndu 28% fyrirtækja aðeins 0-5% aukningu á fylgni. Forvitnilegt var að sjá að öll þau fyrirtæki, þó að einu undanskildu, sem sýndu lakari fylgni nú heldur en í fyrri rannsókn kusu að láta non-Big-4 aðstoða sig eða endurskoða ársreikninga sína.

Það sem kom þá helst á óvart var að öll þau fyrirtæki sem sýndu 90-100% fylgni skiluðu bæði inn endurskoðuðum ársreikningum og kusu sér eitt af Big-4 í verkið. Að jafnaði sýndu þau fyrirtæki, sem kusu Big-4 til að endurskoða eða aðstoða við ársreikninga sína, að meðaltali 10% hærri fylgni en þau sem kusu non-Big-4 í verkið.

Enn má þó velta því fyrir sé hvers vegna almennt sé ekki hærri fylgni við lög hér á landi. Þó svo að sum félög hafi sýnt góða fylgni þá eru önnur sem enn eiga langt í land. En hver gæti verið ástæðan, því ljóst er að lög og sektir vegna vanskila eða ófullnægjandi skila virðast ekki alltaf duga til.

6.1 Takmarkanir rannsóknar

Rétt er að greina frá því að við rannsókn af þessu tagi geta komið upp ýmis álitamál. Ekki er alltaf hægt að vita með vissu ástæður stjórnenda fyrir því að greina ekki frá ýmsum upplýsingum, hvort sem það er af ásettu ráði eða að stjórnendur telja viðkomandi upplýsingar ekki viðeigandi eða upphæðir ekki verulegar. Aftur á móti er líklegt að þessi álitamál muni hafa jákvæð áhrif á fylgni fyrirtækjanna fremur en neikvæða þar sem að við framkvæmd rannsókna var fyrirtækjum leyft að njóta vafans í aðstæðum sem þessum. Eins er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar um þýði þar sem að um of smátt úrtak er að ræða.

6.2 Frekari rannsóknir

Til frekari rannsókna á viðfangsefni þessarar rannsóknar þá væri áhugavert að kanna frekar ástæður þess hvers vegna íslensk fyrirtæki virðast draga það að birta ársreikninga sína. Eins væri gaman að kanna viðhorf fjárfesta, svo sem innlendra lánastofnana hvað varðar traust þeirra til íslenskra fyrirtækja. Hvort gæði ársreikninga þeirra leiki þar stórt hlutverk hvað varðar traust sem og hvort stærð eða aldur fyrirtækja hafi þar eitthvað að segja.

Enn fremur væri áhugavert að kynna sér nánar hvernig starfi ársreikningaskrár er háttað. Hvernig yfirferð ársreikninga fer fram og jafnvel væri spennandi að kanna það hversu mörg íslensk fyrirtæki fái sekt frá ársreikningaskrá á ári hverju og hvar helstu ástæður fyrir þeim sektum kunna að liggja.

7. Heimildir

- Ahmed, K. og Courtis, J.K. (1999). Associations between corporate characteristics and disclosure levels in annual reports: A meta-analysis. *The British Accounting Review*, 31. 35-61.
- Ali, M. J., Ahmed, K., og Henry, D. (2004). Disclosure compliance with national accounting standards by listed companies in South Asia. *Accounting and Business Research*, 34(3), 183-199.
<https://dx.doi.org/10.1080/00014788.2004.9729963>
- Alsaeed, K. (2006). The association between firm-specific characteristics and disclosure: The case of Saudi Arabia. *Managerial Auditing Journal*, 21, 476- 496.
<https://dx.doi.org/10.1108/02686900610667256>
- Árni Claessen. (2018). Do they follow the rules? Compliance with national accounting standards by non-listed companies: Evidence from Iceland. Fyrirfram rafræn birting.
- Busso, D. (2014). Does IFRS 13 Improve the Disclosure of the Fair Value Measurement? An empirical analysis of the real estate sector in Europe. *GSTF Journal on Business Review (GBR)*, 3(4). https://dx.doi.org/10.5176/2010-4804_3.4.336
- Camfferman, K. og Cooke, T (2002). An analysis of disclosure in the annual reports of UK and Dutch companies, *Journal of International Accounting*, 1-28.
<https://dx.doi.org/10.2308/jiar.2002.1.1.3>
- Chander, S., og Kumar, D. (2007). Corporate Attributes and Compliance of Accounting Standards in India: An Empirical Study. *The IUP Journal of Accounting Research and Audit Practices*, 6(4), 36-51.
- Cooke, T. E. (1989). Disclosure in the corporate annual reports of Swedish companies. *Accounting and business research*, 19(74), 113-124.

Correlation [skilgreining nr. 4]. (e.d.) í Cambridge Business English Dictionary (vefútg.).

Sótt 23. apríl 2019 af <https://dictionary.cambridge.org>

Devalle, A og Rizzato, F. (2013). IFRS 3, IAS 36 and disclosure: The determinants of the quality of disclosure. *GSTF Journal on Business Review (GBR)*, 2(4).

http://dx.doi.org/10.5176/2010-4804_2.4.245

Endurskoðunarnefnd FLE, (2011). Dagsetning áritunar. *Endurskoðandinn umhverfi, hlutverk, ábyrg*, Sótt 19 apríl 2019 af https://www.fle.is/static/files/2013/lokaeintak_f.pdf

Firth, M. (1979). The impact of size, stock market listing, and auditors on voluntary disclosure in corporate annual reports. *Accounting and Business research*, 9(36), 273-280.

Glaum, M., Schmidt, P., Street, D. L., og Vogel, S. (2014). Compliance with IFRS 3-and IAS 36-required disclosures across 17 European countries: company-and country-level determinants. *Accounting and business research*, 43(3), 163-204.

<https://dx.doi.org/10.1080/00014788.2012.711131>

Glaum, M., og Street, D. L. (2003). Compliance with the disclosure requirements of Germany's new market: IAS versus US GAAP. *Journal of International Financial Management & Accounting*, 14(1), 64-100. <https://dx.doi.org/10.1111/1467-646X.00090>

Halldór Ingi Pálsson. (september 2013) *Framfylgni ársreikninga*. Fyrirlestur haldinn á ráðstefnu Ríkisendurskoðenda á Íslandi, Grand hótél, Reykjavík.

Inchausti, B. G. (1997). The influence of company characteristics and accounting regulation on information disclosed by Spanish firms. *European accounting review*, 6(1), 45-68.

Leverage. (e.d.) í Cambridge Business English Dictionary (vefútg.). Sótt 29. apríl 2019 af <https://dictionary.cambridge.org/dictionary/english/leverage>

Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Popova, T. T., Georgakopoulos, G., Sotiropoulos, I., og Vasileiou, K. Z. (2013). Mandatory disclosure and its impact on the company value. *International business research*, 6(5), 1. . <https://dx.doi.org/D10.5539/ibr.v6n5p1>

Ríkisskattstjóri (1969). rsk.is. Sótt 23. apríl 2019 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/skil-a-arsreikningum/>

Sellami, Y., og Tahari, M. (2017). Factors influencing compliance level with AAOIFI financial accounting standards by Islamic banks. *Journal of Applied Accounting Research*, 18(1),137-159. <https://dx.doi.org/10.1108/JAAR-01-2015-0005>

Souissi, M og Khlif, H. (2012). Meta-analytic review of disclosure level and cost of equity capital. *International Journal of Accounting and Information Management*, 20(1), 49-62. <https://dx.doi.org/10.1108/18347641211201072>

Statistic Solutions. (2019). Sótt 23. apríl 2019 af <https://www.statisticssolutions.com>

Stattrek. (2019). Sótt 25. apríl 2019 af <https://stattrek.com/statistics/dictionary.aspx?definition=alpha>

Street, D. L., og Gray, S. J. (2001). Observance of international accounting standards: Factors explaining non-compliance. *Athens: Certified Accountants Educational Trust*.

Taplin, R., Tower, G., og Hancock, P. (2002). Disclosure (Discernibility) and Compliance of Accounting Policies: Asia-Pacific Evidence. *Accounting Forum*, 26(2), 172-190.

Unlisted company [skilgreining nr. 3]. (e.d.) í Cambridge Business English Dictionary (vefútg.) Sótt 22. apríl 2019 af <https://dictionary.cambridge.org>

Users of Financial Statements [skilgreining nr. 5]. Sótt 26. apríl 2019 af <https://www.accountingverse.com/accounting-basics/users-of-financial-statements.html>

Wallace, R. O., Naser, K., og Mora, A. (1994). The relationship between the comprehensiveness of corporate annual reports and firm characteristics in Spain. *Accounting and business research*, 25(97), 41-53.

Viðauki

<i>1 Reikningshaldslegar breytingar frá og með 1.1.2016, helstu atriði.</i>				
	<i>Tilvísun</i>	<i>Upplýst</i>	<i>Ekki upplýst</i>	<i>Á ekki við</i>
Allir ársreikningar skulu vera á íslensku. Félög með annan starfrækslugjaldmiðil en ISK mega jafnframt gera ársreikning á ensku ef þörf krefur.	7. gr.			
Hlutdeild minni hluta í eigin fé dótturfélaga skal færð sem sérstakur liður á meðal eigin fjár. Í rekstrarreikningi skal sýna skiptingu á hagnaði milli eigenda móðurfélags annars vegar og minnihlutaeigenda í dótturfélögum hins vegar.	3. mgr. 74. gr.			
Afleiðusamningar skulu metnir á gangvirði.	3. mgr. 36. gr.			
Viðskiptavild skal ávallt afskrifuð á tíu árum. [Lögin gefa þó færi á færslu virði rýrnunar viðskiptavildar sbr. 30. gr. laganna. Hafi viðskiptavild sætt niðurfærslu er ekki heimilt að færa bókfært verð hennar til fyrra horfs.]	1. mgr. 24. gr.			
Hlutdeild í afkomu dóttur- og/eða hlutdeildarfélaga umfram móttækinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið á úthluta skal færa á bundinn reikning meðal eigin fjár.	5. mgr. 41. gr.			
Heimilt er að eignfæra þróunarkostnað. Sé það gert skal færa samsvarandi fjárhæð á bundinn reikning meðal eigin fjár sem svo er leystur upp til jafns við afskrift eignfærðs þróunarkostnaðar. Ef það er ekki hægt að skilgreina nýtingartíma eignfærðs þróunarkostnaðar skal afskrifa hann á 10 árum.	16. gr. og 1. mgr. 24. gr.			
Heimilt er að tilgreina tiltekna fjármála gerninga á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Sé það gert skal færa fjárhæð samsvarandi gangvirðis breytingum á bundinn eiginfjárreikning, þó að teknu tilliti til skattáhrifa ef við á.	1. mgr. 36. og 1. mgr. 38. gr.			
Heimilt er að færa rekstrarfjármuni til gangvirðis. Að mati KPMG verður þá að beita þeirri reikningsskilaaðferð við flokka (ekki einstakar eignir innan tiltekinna flokka, svo sem sumar fasteignir en ekki allar). Endurmat til gangvirðis þarf að fara fram árlega. Auknar skýringarkröfur vegna endurmetinna rekstrarfjármuna, sbr. 44. gr. laganna.	1. mgr. 31. gr.			
Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á eigin fé. Ekki er heimilt að eignfæra eigin hlutabréf.	19. gr.			

Skýrsla stjórnar - A hluti (gildir fyrir öll félög)				
Aðalstarfsemi félagsins.	1. tl. 1. mgr. 65. gr.			
Þróun í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess.	4. tl. 1. mgr. 65. gr.			
Fjöldi ársverka á reikningsári.	6. tl. 1. mgr. 65. gr.			
Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.	2. mgr. 65. gr.			
Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um að lágmarki tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hlutafjár hvers þeirra í lok ársins. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili. Ef atkvæðahlutdeild er mismunandi miðað við fjárhæð hluta skal að lágmarki gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra tíu hluthafa sem fara með stærstu atkvæðahlutdeild í félaginu í lok ársins. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega.	3. mgr. 65. gr.			
Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um samstæðuna í heild.	5. mgr. 65. gr.			
Í skýrslu stjórnar opinberra hlutafélaga og hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal upplýsa um hlutföll kynjanna í stjórn.	6. mgr. 65. gr.			
Eigi félag eigin hluti skal gera grein fyrir fjölda þeirra og nafnverði. Hafi félagið aflað eða látið af hendi eigin hluti á reikningsárinu skal jafnframt greina frá ástæðu þess að hlutanna var aflað eða þeir látnir af hendi og fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið aflaði eða lét af hendi ásamt upplýsingum um endurgjald hlutanna.	7. mgr. 65. gr.			
Leiki vafi á rekstrarhæfi skal gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar.	8. mgr. 65. gr.			
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings fyrir hvert reikningsár. Í félögum sem hafa ekki formlega stjórn hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Í ársreikningi skal koma fram nafn félags, félagsform, kennitala félagsins og aðsetur.	2. mgr. 3. gr.			

Ársreikningur með undirritun stjórnenda var/verður lagður fram í samræmi við samþykktir félagsins en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.	6. mgr. 3. gr.			
Fasteignir, aðrir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir				
Heimilt er að færa varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði. Séu varanlegir rekstrarfjármunir endurmetnir skal endurmat fara fram árlega. Matsbreytingar skal færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að úthluta arði úr endurmatsreikningi.	1., 2. og 5. mgr. 31. gr.			
Ef varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir til gangvirðis í samræmi við 31. gr. skal veita eftirfarandi upplýsingar. 1. Aðferðir sem beitt var við endurmatið, ásamt upplýsingum um helstu forsendur sem liggja að baki matsaðferðum, upplýsingum um afskriftir endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna og hvort endurmatið hafi verið unnið af óháðum aðila eða ekki. 2. Fyrir hvern flokk varanlegra rekstrarfjármuna sem hefur verið endurmetinn skal upplýsa um hvert bókfært verð viðkomandi eigna hefði verið ef endurmat hefði ekki farið fram. 3. Hreyfingar á endurmatsreikningi á árinu, þ.m.t. matsbreytingar ársins og uppsafnaðar matsbreytingar við upphaf og lok fjárhagsárs ásamt upplýsingum um skattalega meðferð viðkomandi liða.	44 .gr			
Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um vá- tryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.	54 gr.			
Birgðir				
Birgðir eru metnar við kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.	1. mgr. 33. gr.			
Áhættufjármunir, langtímakröfur, skammtímakröfur og aðrir veltufjármunir				
Matsbreytingar áhættufjármuna og langtímakrafna skal færa í rekstrarreikning og gera grein fyrir þeim í skýringum.	4. mgr. 30. gr.			
Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef virði þeirra er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.	35. gr.			
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum				
	2. mgr. 46. gr			

Fyrir fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélagum, sbr. 40. gr., skal jafnframt upplýst um gangvirði einstakra eignarhluta eða eignaflokka.				
Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarféлага. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra fyrir sig og eigin fjár þeirra samtals, svo og rekstrarárangurs síðasta reikningsárs. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu.	1. mgr. 48. gr.			
<i>Eigið fé og eigin hlutir</i>				
Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.	61 gr.			
Eftirfarandi á að koma fram í skýringum um eigið fé :Fjöldi og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum.	1. tl. 1. mgr. 60 gr.			
Fjöldi og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra.	2. tl. 1. mgr. 60 gr.			
Ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.	3. tl. 1. mgr. 60 gr.			
<i>Skuldabréfalán, ábyrgðaskuldbindingar og lífeyrisskuldbindingar, veðsetningar, leigusamningar o.fl.</i>				
Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.	1. mgr. 51. gr.			
Veita skal upplýsingar um þann hluta skulda, sem fellur árlega til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs, annars vegar og hins vegar vegna þess hluta sem fellur til greiðslu síðar.	1. mgr. 52. gr.			
Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðun eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu samstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.	2. mgr. 52 gr.			
Hafi félagið gert leigusamninga til lengri tíma en eins árs, sem nema verulegum fjárhæðum og ekki koma fram í efnahagsreikningi, skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega.	4. mgr. 52 gr.			
Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum skal færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundnum hætti á	18. gr.			

lánstímanum. Gera skal grein fyrir eftirstöðvum af þessari dreifingu í skýringum.				
Tekjuskattur				
Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess.	1. mgr. 57 gr.			
Upplýsa skal um frestaða skattskuldbindingu eða skatteign vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum, sem álagðir eru vegna sömu ára, hins vegar nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu.	3. mgr. 57 gr.			
Upplýsingar skv. 3. mgr. skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.	4. mgr. 57 gr.			
Tengdir aðilar				
Tilgreina skal fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðun ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Ákvæðið á einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir.	53. gr.			
Laun				
Upplýsa skal um heildarlaunakostnað og fjölda ársverka á reikningsári. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.	58. gr.			
Félög skv. c- og d-lið 11. tölul. 2. gr. (þ.e. meðalstór og stór félög) skulu veita upplýsingar um starfsmannakostnað, þ.m.t. launakostnað, eftirlaun, iðgjöld til lífeyrissjóða og annan launatengdan kostnað. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.	59. gr.			
Félög skv. c- og d-lið 11. Tölul . 2. gr. (þ.e. meðalstór og stór félög) skulu enn fremur veita upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverandi stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.	59. gr.			
Sjóðstreymisyfirlit				
Yfirlitið skal greina frá sjóðstreymi á tilteknu tímabili og skal það flokkað í rekstrar-, fjárfestingar- og	2. mgr. 28. gr.			

fjármögnunarhreyfingar. Enn fremur skal yfirlitið sýna sérstaklega breytingar á handbæru fé og handbært fé við upphaf og lok reikningsárs.				
Tilgreina skal samsvarandi fjárhæðir vegna liðanna á fyrra reikningsári. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við liði á fyrra ári skal aðlaga þá síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef þær eru ósambærilegar vegna breytinga á starfsemi.	3. mgr. 28. gr.			
Sérstaklega skal skýra frá greiðsluáhrifum vaxta af langvinnu fjármagni, vaxta af skammtímarekstrarlánnum svo og vaxtatekna af verðbréfum, þ.m.t. mótteknum arði af hlutabréfaeign.	RR3.26			
Sérstaklega skal skýra frá greiddum tekjuskatti og eignarskatti. Þessa skatta má einnig fella í flokk fjárfestingarhreyfinga og fjármögnunarhreyfinga enda sé unnt að tengja þá sérstaklega við þær hreyfingar.	RR3.27			
Önnur atriði				
Við hvern lið í efnahags- og rekstrarreikningi er sýnd samsvarandi fjárhæð fyrir fyrra reikningsár til samanburðar. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við færslur frá fyrra ári skal aðlaga þær síðarnefndu.	4. mgr. 6. gr.			
Samstæðureikningsskil				
Félag, sem er hluti samstæðu, skal tilgreina nafn og aðsetur móðurfélags síns og móðurfélags heildarsamstæðunnar.	1. mgr. 62. gr.			
Enn fremur skal upplýsa um hvar samstæðureikningar erlendra móðurfélaga skv. 1. mgr. liggja frammi.	2 .mgr. 62 gr.			
Fyrir hvert dótturfélag í samstæðureikningi og utan hans skal tilgreina í skýringum: <ol style="list-style-type: none"> 1. nafn og aðsetur, 2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild, 3. ástæðu þess að dótturfélag er tekið með í samstæðureikningi ef hluti eigin fjár í eigu samstæðunnar og atkvæðisréttur er ekki sá sami, 4. nákvæman og fullnægjandi rökstuðning ef félagi er haldið utan við samstæðuna, sbr. 70. gr. og 5. hvort samlegðaraðferðin skv. 80. gr. hafi verið notuð. 	1. mgr. 84. gr.			
Fyrir hvert hlutdeildarfélag skal gera grein fyrir: <ol style="list-style-type: none"> 1. nafni og aðsetri, 2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild og 3. hvort félagið er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð. 	2. mgr. 84. gr.			

Veita skal upplýsingar um breytingu á hlutfallslegri eign minni hluta í eigin fé dótturfélaga.	3. mgr. 83. gr.			
Framsetning ársreiknings skv. reglugerð nr. 696/1996				
Í efnahagsreikningi eða í skýringum skal upplýsa um eftirtalin atriði vegna varanlegra rekstrarfjármuna:	7. gr. rg nr. 696/1996			
Kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð í lok fyrra reikningsárs.				
Samanlagðar afskriftir og niðurfærslur í lok fyrra reikningsárs.				
Nýfjárfestingar og eignfærðar endurbætur á árinu.				
Yfurfærslur á árinu yfir á aðra liði.				
Endurmat á árinu.				
Afskriftir og niðurfærslur á árinu.				
Leiðréttingar á afskriftum og niðurfærslum fyrra árs, þar á meðal afskriftir og niðurfærslur eigna, sem látnar hafa verið af hendi eða horfið hafa úr rekstrinum.				
Samanlagðar afskriftir og niðurfærslur fram að reikningsskiladegi.				
Í efnahagsreikningi eða skýringum skal upplýsa um eftirtalin atriði vegna ófnislegra eigna:		8. gr. rg nr. 696/1996		
Bókfært verð í lok fyrra reikningsárs.				
Endurmat á árinu.				
Viðbætur á árinu.				
Yfurfærslur á árinu yfir á aðra liði.				
Gjaldfærslur á árinu.				

